

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Leppistungur, L166846, á Hrunamannafrétti, fjallaskáli.

Deiliskipulagið tekur til um 5 ha svæðis og eru skilgreindar byggingarheimildir fyrir svæðið og lóð afmörkuð. Heimilt verður að stækka núverandi gístaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2021.

Deiliskipulag, Efri-Kisubotnar á Hrunamannafrétti, fjallaskáli.

Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2021.

Deiliskipulag, Heiðará á Hrunamannafrétti, fjallaskáli.

Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 7 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Gert er ráð fyrir endurbótum á núverandi mannvirkjum.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2021.

Deiliskipulag, Helgaskáli á Hrunamannafrétti, fjallaskáli.

Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 15 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gístaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Einnig er heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2021.

Deiliskipulag, Miklöldubotnar á Hrunamannafrétti, fjallaskáli.

Deiliskipulagið tekur til 5 ha lóðar. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gístaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 30 gesti.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2021.

Deiliskipulag, Grákollur á Hrunamannafrétti, fjallaskáli.

Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2021.

Deiliskipulag, Fosslækur á Hrunamannafrétti, fjallaskáli.

Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka núverandi gístaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2021.

Deiliskipulag, Svinárnes á Hrunamannafrétti, fjallaskáli.

Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingarmagn á svæðinu verður allt að 950 m². Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti.

Framkvæmdir innan svæðisins falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. maí 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vígfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 31. maí 2022